

Fimmtudaginn 25. september 1986.

Nr. 151/1985. **Háskóli Íslands**

(Jóhannes L.L. Helgason hrl.)

gegn

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja

(Gestur Jónsson hrl.)

Verkfall. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. júní 1985. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 314.609,00 krónur með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að dómkrafan verði lækkuð og málskostnaður þá felldur niður.

Rektor Háskóla Íslands er yfirmaður stjórnslu skólans, samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 77/1979. Hvorki stóðu ákvæði laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja né ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða aðrar réttarreglur í vegi fyrir því, að honum væri heimilt að opna hús háskólans, svo að fullnægt yrði þar lögbundinni starfrækslu samkvæmt 1. gr. laga nr. 77/1979, enda þótt hafið væri allsherjarverkfall stefnda. Ágreiningslaust er, að kennslu þá, sem hér um ræðir, skyldu kennarar, er stóðu utan samtaka stefnda, inna af hendi. Aðgerðir á vegum stefnda til að koma í veg fyrir aðgang nemenda og kennara að húsakynnum háskólans og hindra þannig lögbodna kennslu voru því ólögmetar. Ber stefndi af þeim sökum fébótaábyrgð á því tjóni er áfrýjandi varð fyrir.

Áfrýjandi telur tjón sitt nema 314.609,00 krónum, sem er, auk launatengdra gjalda, sú fjárhæð, er hann þurfti að greiða stunda-kennurum samkvæmt samningum fyrir þær kennslustundir er niður

féllu dagana 4.—9. október 1984 vegna hinna ólögmetu aðgerða á vegum stefnda.

Fjárhæð þessi hefur ekki sætt reikningslegum andmælum. Hún er studd fullnægjandi gögnum og þar sem ekki verður talið að áfrýjandi hafi átt rétt á því að fá kennslu þessa síðar innta af hendi á niðursettu verði, ber að taka kröfu áfrýjanda til greina að fullu auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 130.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, greiði áfrýjanda, Háskóla Íslands, 314.609,00 krónur með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 130.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Guðmundar Skaftasonar.**

Við erum sammála meirihluta dómara um að aðgerðir þær sem stefndi stóð fyrir við Háskóla Íslands 4.-9. október 1984 hafi verið ólögmetar og að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni sem áfrýjandi varð fyrir af þeim sökum.

Stefndi hefur mótmælt því að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni. Hann hefði orðið að greiða kennslulaunin hvort sem var og hann hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir aukakostnaði vegna aðgerða þeirra sem stefndi stóð fyrir. Þá er því haldið fram til vara að fjárhæð dómkröfu áfrýjanda sé of há. Launagreiðslurnar séu bæði greiðsla fyrir kennslustundir og undirbúning kennara fyrir þær. Sá undirbúningur hljóti að hafa nýst síðar.

Menntamálaráðherra staðfesti 19. nóvember 1982 reglur um greiðslur fyrir stundakennslu í Háskóla Íslands. Er 1. gr. þeirra svohljóðandi:

„1. Kennslustundir í stundakennslu skulu metnar til vinnustunda samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. og reglur um mat á vinnu fastra kennara:

Til *fjögurra* vinnustunda metast fyrirlestrar og sérlega undirbúningsfrekir umræðufundir (seminör).

Til *þriggja* vinnustunda metast almennir umræðufundir, dæmatímar, verklegar æfingar og tungumálakennsla að því leyti sem ekki er um sjálfstæða fyrirlestrarkennslu að ræða.

Til *tveggja* vinnustunda skal meta endurtekna kennslu og aðra kennslu, sem krefst hliðstæðs undirbúnings.

Til *einnar* vinnustundar skal meta kennslu, sem ekki krefst undirbúnings (viðvist).

Fyrirvari varðandi gildi framangreindra reglna er gerður um kennslu í námsefni, sem að öðru jöfnu fellur undir menntaskólastig, en kennt er í háskólanum vegna sérstakra inntöku- eða forprófsskilyrða einstakra háskóladeilda, sbr. bréf fjármálaráðuneytis, dags. 16. nóvember 1972.“

Er því haldið fram af stefnda að kostnaður áfrýjanda við að kaupa kennslu í stað þeirrar sem féll niður nemi samkvæmt þessum reglum um helmingi af fjárhæð dómkröfu áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki gert grein fyrir því hvernig nemendum voru bættar kennslustundir í stað þeirra sem féllu niður vegna aðgerða stefnda, en telja verður að áfrýjandi hafi orðið fyrir tjóni. Með hliðsjón af framangreindu teljum við það hæfilega ákveðið 157.304,50 krónur. Við teljum að málskostnaður eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. maí sl., höfðaði Jóhannes L. L. Helgason hrl., Tjarnargötu 4, Reykjavík, fyrir hönd Háskóla Íslands, nnr. 3808-0040, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. október 1984, gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, nnr. 0950-5164.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 314.609,00 með dómvöxtum frá 1. nóvember 1984 til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum (sic) verði til-dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og máls-kostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Hinn 4. október 1984 kom til boðaðs allsherjarverkfalls stefnda. Meðal þeirra sem verkfall þetta tók til voru húsverðir í störfum hjá Háskóla Íslands, þ.e. í aðalbyggingu Háskólans, Lögbergi, Árnagarði og húsum verkfræði- og raunvísindadeildar. Húsverðirnir eru félagar í starfsmanna-félagi ríkisstofnana sem er eitt aðildarfélag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Hinn 18. september 1984 leitaði stefnandi til kjaradeilunefndar með ósk um það m.a. að húsvörðum Háskóla Íslands yrði gert skylt að starfa kæmi til boðaðs verkfalls. Erindinu fylgdi síðar listi með nöfnum og starfsheitum þeirra einstaklinga sem beiðnin náði til. Hin 3. október 1984 úrskurðaði kjaradeilunefnd að húsverði aðalbyggingar Háskóla Íslands væri skylt að starfa kæmi til verkfalls, en starf húsvarðarins var bundið við nauðsynlega öryggisvörslu.

Að morgni 4. október 1984 opnaði rektor Háskóla Íslands, Guðmundur Magnússon, framantalin hús, en kennsla skyldi hefjast í húsunum kl. 8:15. Er nemendur og kennarar komu til skóla þennan morgun voru húsin opin en verkfallsverðir BSRB stóðu fyrir dyrum og meinuðu fólki inngöngu. Í aðalbyggingu Háskólans fór þó nokkur kennsla fram svo og í húsum verkfræði- og raunvísindadeildar.

Hinn 9. október 1984 var af hálfu stefnanda sótt um það til verkfallsnefndar stefnda að húsvörðum Háskóla Íslands yrði veitt undanþága til þess að sinna störfum sínum svo að full kennsla mætti fara fram í deildum og námsbrautum Háskóla Íslands. Sama dag var umbeðin undanþága veitt.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skaðabóta úr hendi stefnda og er skaðabótakrafan samanlögð sú fjárhæð sem stefnandi greiddi 1. nóvember 1984 til stundakennara skólans fyrir þær kennslustundir, sem þeir gátu ekki kennt dagana 4. - 9. október 1984 vegna aðgerða verkfallsvarða stefnda auk launatengdra gjalda vegna þessa.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verkfallsverðir hafi hindrað það dagana 4. - 9. október 1984 að Háskóli Íslands gæti haldið uppi kennslu fyrir stúdenta skv. l. nr. 77/1979. Eigi að síður hafi stefnandi orðið að greiða laun fyrir þær kennslustundir sem ekki nýttust. Óhjákvæmilegt verði að greiða stundakennurum sérstaklega fyrir aukakennslu ef stúdentar

eigi að fá þá kennslu sem til stendur. Aðeins sé krafist bóta vegna stunda-kennslu en ekki vegna kennslu fastráðinna kennara, enda sé þess vænst að fastir kennarar skólans bæti stúdentum kennslumissinn án sérstakrar aukagreiðslu.

Aðgerðir verkfallsvarða BSRB við hús Háskóla Íslands hafi verið með öllu löglausar. Þeir hafi hindrað með valdi að kennarar og stúdentar gætu gengið um opnar dyr húsanna og sinnt störfum sínum. Hafi þetta fólk þó ekki verið bundið af verkfallsboðun BSRB um störf sín. Hús stefnanda séu meira en kennsluhúsnæði. Þar séu m.a. vinnuherbergi kennara og annarra starfsmanna, lesstofur, bókasöfn o.s.frv. Margir starfsmenn stefnanda hafi lykлавöld að þessum húsum og gangi þar um að vild sinni og opni fyrir öðrum ef því sé að skipta. Hlutverk húsvarða í þessu efni sé það eitt að fylgjast með því að húsin séu opin á fyrirmæltum opnunartíma og læst þess utan. Það sé óumdeilt að húsverðir þurfi ekki að sinna þessum skyldum sínum í verkfalli sem löglega hafi verið boðað. Hitt sé fjarri lagi að aðrir starfsmenn missi í raun lykлавöld sín í verkfalli húsvarða. Það sé skoðun stefnanda að rektor, sem að lögum sé yfirmaður stjórn-sýslu stefnanda, geti hvenær sem er gripið inn í störf annarra starfsmanna skólans sem hann beri ábyrgð á og beri raunar skylda til þess þegar starfsmaður gegni ekki starfi sínu af hvaða ástæðu sem er, enda sé ekki um að ræða störf sem sérstaka heimild eða löggildingu þurfi að landslögum til þess að rækja.

IV.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að verkfallið, sem varð tilefni þessa máls, hafi verið löglegt sbr. 18. gr. laga nr. 28/1976. Það muni óumdeilt að það sé starfsskylda húsvarða Háskólans og á þeirra verksviði að opna hús Háskólans að morgni og loka þeim að kvöldi.

Aðrir starfsmenn stefnanda hafi ekki þessa starfsskyldu. Hins vegar hafi margir starfsmenn stefnanda og reyndar einstaka stúdentar einnig lykla að húsunum og geti gengið þar um að vild sinni utan venjulegs opnunartíma skólans. Þessir aðilar hafi ekki það starf að annast húsvörslu og breyti þar engu hvort þeir stöku sinnum hafi hleypt öðrum inn í skólahúsnæðið í skjóli lykлавalda sinna. Það sé því á starfssviði húsvarða og engra annarra starfsmanna stefnanda að opna húsnæði stefnanda til almennrar notkunar og að loka því að vinnudegi loknum. Þetta hafi stjórnendum stefnanda verið vel ljóst áður en verkfallið hófst og hafi þeir því sótt um undanþágu til kjaradeilunefndar fyrir húsverði. Sámkvæmt 26. gr. laga nr. 29/1976 sé það kjaradeilunefndar að ákveða hvaða störf skuli unnin í verkfalli opinberra starfsmanna. Aðrar undanþágur en hún veiti séu ekki heimilar nema aðilar kjaradeilunnar semji um slíkt. Úrskurður kjaradeilunefndar hafi verið

sá að synjað var um undanþáguna nema hvað takmörkuð eignavarsla var úrskurðuð. Samkvæmt úrskurði kjaradeilunefndar hafi verkfallið því náð til allra annarra starfa húsvarða en öryggisvörslu.

Spurningin sé hvaða heimild aðrir aðilar, sem ekki séu í verkfalli, hafi til þess að ganga inn í störf verkfallsmanna. Í 18. gr. laga nr. 80/1938 segi að þegar vinnustöðvun hafi verið löglega hafin sé þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda sem að vinnustöðvuninni standa. Um kjarasamninga BSRB gildi að vísu sérstök lög þannig að gæta verði varkárni í því að beita reglum laga nr. 80/1938 um verkfall sem boðað sé á grundvelli laga nr. 29/1976. Það verði þó að telja vafalaust að sú meginregla eigi við að vinnuveitandanum sé óheimilt með aðstoð félaga í öðrum stéttarfélögum að koma í veg fyrir áhrif vinnustöðvunarinnar með því að láta þá ganga í störf verkfallsmanna. Verði að líta svo á að sú meginregla sem víðast hvar hafi verið viðurkennd um framkvæmd verkfalla eigi við, þ.e. að starfsskyldur annarra starfsmanna á vinnustaðnum en þeirra sem eru í verkfallinu eigi hvorki að aukast né minnka í verkfallinu. Samkvæmt því hafi öðrum starfsmönnum stefnanda verið óheimilt að ganga inn í störf húsvarðanna í verkfalli þeirra.

Annar skilningur á inntaki verkfallsréttarins fái ekki staðist. Það væri til lítils að heimila ríkisstarfsmönnum að gera verkfall ef yfirmennirnir eða aðrir launþegar á vinnustaðnum, sem ekki séu í verkfalli, mættu ganga inn í störf þeirra og afstýra eða draga mjög úr áhrifum verkfallsins. Sá geti ekki hafa verið tilgangur löggjafans með verkfallsheimildinni. Verkfall sé vopn sem ætlað sé að beita til þess að þvinga gagnaðilann til samninga um betra kaup og kjör sbr. 18. gr. laga nr. 29/1976. Þess vegna sé það meginregla að ekkert megi aðhafast til þess að slæva það vopn.

Um framkvæmd verkfalla séu íslensk lög fáorð. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn megi lögregla ekki hafa afskipti af verkföllum. Af því leiði að löggjafinn hafi sett framkvæmd verkfalla í hendur deildum aðilum. Að sjálfsgöðu verði báðir aðilar að halda sig innan ramma réttarleikreglna við þá framkvæmd og bera á því fulla ábyrgð. Frá upphafi verkfallsréttarins hafi stéttarfélagin sjálf annast verkfallsvörslu. Byggi sú framkvæmd á lángrri og öruggri vöndu. Markmið verkfallsvörslunnar sé að koma í veg fyrir að verkfallsbrot séu framín, þ.e. að aðrir aðilar utan verkfallsins gangi í störf verkfallsmanna. Verkfallsvarsla stefnda hafi beinst að því að aðrir starfsmenn stefnanda gengju ekki í störf húsvarðanna.

Ekki hafi verið reynt að hindra þá einstaklinga, kennara eða stúdenta sem höfðu lyklavöld, í því að fara um húsnaði Háskólans. Verkfallsvarslan hafi beinst að því að koma í veg fyrir að þessir aðilar opnuðu húsakynni Háskólans til almennrar notkunar. Með því hefði verið gengið í störf hús-

varðanna. Því hafi hér verið um að ræða fullkomlega lögmæta aðgerð stéttarfélagins.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að stefnukröfunni sé ekki reikningslega mótmælt. Hins vegar er forsendum hennar mótmælt og hún talin of há. Á dskj. 12 og 13 séu bréf er varði framsetningu skaðabótakröfu stefnanda. Komi m.a. fram á dskj. 13, að greiðsla til stundakennara sé bæði umbun fyrir sjálfan fyrirlesturinn og undirbúning undir hann sem venjulegast fari fram utan húsnæðis stefnanda, þessi undirbúningur nýtist að sjálfsögðu í síðari fyrirlesturum þannig að fjártjón stefnanda geti ekki numið þeirri fjárhæð sem stefnukrafan geri ráð fyrir. Þá hafi verkfallsvörslu ekki verið haldið uppi nema til hádegis þann 9. október 1984.

V.

Álit dómarans.

Lögmenn aðila eru sammála um það að verkfallsvörslu við byggingar stefnanda hafi verið hætt um hádegi 9. október 1984. Það er óumdeilt að stefnandi hafi hinn 1. nóvember 1984 greitt stefnufjárhæðina til stundakennara skólans fyrir þær kennslustundir sem þeir gátu ekki kennt dagana 4. október 1984 til hádegis 9. sama mánaðar.

Með lögum nr. 29/1976 var stefnda fyrst veitt heimild til þess að gera verkföll. Ekki eru í lögnum ákvæði um verkfallsvörslu og lögin fáorð um framkvæmd verkfalla. Í 26. gr. laganna segir að þótt löglegt verkfall sé hafið sé starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli.

Þegar lög nr. 29/1976 voru sett hafði skapast viss hefð um framkvæmd verkfalla og verkfallsvörslu á tímanum frá því að lögin um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 voru sett. Þykir því verða að telja að um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði í lögum nr. 29/1976, skuli farið eftir þeim reglum sem farið hefur verið eftir í verkföllum, það er m.a. að hlutadög eigandi stéttarfélag veiti sjálft undanþágu frá verkfalli og annist verkfallsvörslu sbr. 10. gr. laga nr. 156/1972.

Á dskj. 5 og 6 eru talin helstu verkefni húsvarda stefnanda og meðal daglegra verkefna er m.a. talið að opna húsin að morgni, loftræsa eftir þörfum (opna glugga o.s.frv.), setja hitunartæki á dagstillingu, hleypa straumi á rafkerfi og ganga frá húsum að kvöldi, þ.e. setja hitunarkerfi á næturstillingu, gæta þess að gluggar séu lokaðir, taka rafstraum af húsum og læsa dyrum.

Þegar litið er til tilgangs verkfallsheimildar stefnda skv. 18. gr. laga nr. 29/1976, þ.e. að vinna að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarsamning, þá verður ekki talið að verkfallsvörðum stefnda hafi verið

óheimilt að reyna að koma í veg fyrir að rektor Háskóla Íslands eða aðrir starfsmenn stefnanda gengju í störf húsvarðanna með því að opna húsin til almennra nota. Enda hafði ekki verið óskað eftir undanþágu frá verkfalli fyrir húsverðina til stefnda en fram er komið að stefndi veitti undanþágu þessa strax og eftir henni var óskað. Opnun húsanna að morgni hefði væntanlega haft í för með sér frekari störf af verksviði húsvarða, a.m.k. að ganga frá húsunum að kvöldi. Þá hefðu starfsskyldur starfsmanns eða starfsmanna stefnanda sem ekki voru í verkfalli aukist, en það er brot á þeirri reglu að í verkfalli eigi starfsskyldur þeirra, sem ekki eru í verkfalli hvorki að aukast né minnka.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefnandi hafi ekki sýnt fram á ólög-
mæta verkfallsvörslu stefnda og verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 58.000,00.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómarans sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, skal vera sýkn af kröf-
um stefnanda, Háskóla Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 58.000,00 í málskostnað innan 15 daga
frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.